

NORA styrkir samstarf á Norður-Atlantssvæðinu

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) vill efla samstarf á Norður-Atlantssvæðinu.

Ein leiðanna að þessu markmiði er veiting styrkja tvisvar á ári til samstarfsverkefna með þátttöku að lágmarki tveggja af fjórum aðildarlöndum NORA (Grænlandi, Íslandi, Færeyjum og sjávarbyggðum Noregs).

NORA óskar því eftir verkefnahugmyndum og styrkumsóknum með **umsóknarfrest þann 4. mars 2013.**

Í starfsáætlun NORA, sem má sjá á síðunni www.nora.fo, er bent á þrjú af meginviðfangsefnum svæðisins og hvar áherslur liggja varðandi verkefnastuðning á tímabilinu 2012-2016:

– Að **styrkja sterku hliðarnar enn frekar** með stuðningi við sjálfbæra þróun efnahagslega mikilvægustu atvinnugreina svæðisins. Það verður gert með því að styrkja nýsköpunarverkefni á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins. Það geta til að mynda verið verkefni sem snerta aukaafurðir og vannýttar auðlindir.

– Að **skapa ný tækifæri** og efla fjölbreytni svæðisbundinna hagkerfa með því að styðja þróun nýrra atvinnutækifæra, framleiðslu, framleiðsluáferða og markaðssetningar, t.d. verkefni í ferðaþjónustu, landbúnaði eða verkefni sem varða endurnýjanlegra orkugjafa.

– Að **sigrast á fjarlægðum**, sem er eitt stærsta viðfangsefni á NORA-svæðinu og því verður mætt með því

að styrkja verkefni á sviði fjarskipta, samgangna og flutninga og athafnamíðaðra greininga. Verkefnin geta t.d. varðað þróun upplýsingatækni sem henta sérstökum aðstæðum á Norður-Atlantssvæðinu eða eru til þess fallin að fjölga störfum í fámennum byggðarlögum eða á jaðarsvæðum.

NORA styrkir gjarnan verkefni sem eru með svipaðar áherslur og fram komu á svæðaráráðstefnu NORA 2012. Ráðstefnan var undir yfirskriftinni „Nordic Welfare – The North Atlantic Way“ og kastljósinu var beint að opinberri þjónustu á dreifbýlum svæðum.

NORA veitir styrki að hámarki 500.000 danskar krónur á ári og mest til þriggja ára. Skilyrði er að þátttaka sé frá a.m.k. tveimur NORA-löndum.

Á heimasíðu NORA, www.nora.fo er að finna leiðbeiningar um umsóknarferilinn undir valtakkanum „Guide til projektstøtte“. Þá er umsækjendum velkomið að leita til skrifstofu NORA um nánari upplýsingar og ráðgjöf.

Tengiliður á Íslandi er:

Sigríður K. Þorgrímsdóttir
Byggðastofnun
S. 455 5400
sigga@byggdastofnun.is

Umsóknareyðublaðið er að finna á heimasíðu NORA og senda á umsóknina rafrænt (á word-formi) til NORA og sömuleiðis útprentaða og undirritaða umsókn með pósti. Fylgigögn, eins og verklýsing og annað ítarefni, sendist rafrænt (á word, excel eða pdf-formi).



NORA

Nordisk Atlantsamarbejde

Bryggjubakki 12

Box 259

FO-110 Tórshavn

Tel: +298 30 69 90

nora@nora.fo



Nordisk Atlantsamarbejde (NORA) er en grænseregional komité under Nordisk Ministerråd. NORA omfatter Grønland, Island, Færøerne og Kystnorge. NORA finansieres af Nordisk Ministerråd suppleret med et nationalt bidrag fra samarbejdets fire deltagerlande.